



Akureyri, 26.11.2020

Nefndarsvið Alþingis.

Bæjarráð Akureyrar fjallaði um tillögu til þingsályktunar um framtíð Reykjavíkurlflugvallar mál nr. 39 á 151. löggjafarþingi á fundi sínum í gær 26. nóvember. Meðfylgjandi er umsögn sveitarfélagsins og bókun:

Bæjarráð Akureyrarbæjar leggur þunga áherslu á mikilvægi þess að miðstöð innanlandsflugs verði áfram óskert í Vatnsmýrinni þar til annar jafn góður eða betri kostur hefur verið tekinn í notkun.

Umsögn Akureyrarbæjar um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlflugvallar mál nr. 39, 151. löggjafarþing:

Eyjafjörður er langfjölmennasta þéttbýlissvæðið á landsbyggðinni en þar búa um 26.000 íbúar eða rúm 7% þjóðarinnar. Til Reykjavíkur eru 248 km í beinni loftlínu en 388 km ef landleiðin er farin. Það gefur auga leið að það skiptir því íbúa þessa landshluta mjög miklu máli að samgöngur til Reykjavíkur séu greiðar þar sem miðstöð stjórnáslunnar er og eina hátæknisjúkrahús þjóðarinnar. Flugsamgöngur eru hvað mikilvægastar í þessu sambandi sérstaklega hvað tíma varðar.

Sjúkrahúsið á Akureyri bendir á í umsögn sinni um tillöguna að það skipti afar miklu máli að þar sem oft taki tíma að komast á flugvöll af slysaastað á landsbyggðinni að þá bætist ekki við langur flutningstími frá flugvelli í Reykjavík á sjúkrahús. Því skipti mjög miklu máli að Reykjavíkurlflugvelli verði ekki lokað nema annað jafngott úrræði komi til varðandi flutningstíma og aðstæður fyrir sjúkraflug með flugvélum. Bæjarráð Akureyrarbæjar tekur undir þessa ábendingu og minnir á að undanfarin ár hafa verið farin um 800 sjúkraflug á ári með sjúklinga til Reykjavíkur og samkvæmt upplýsingum frá SAK eru læknað með í allt að helmingi þessara ferða sem sýnir að alvarleikinn er mikill og að hver mínúta getur skipt máli.

Þá er rétt að benda á umsögn Öryggisnefndar félags íslenskra atvinnuflugmanna um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Nýjan Skerjafjörð. Þar er bent á að ný byggð muni fyrir sjáanlega valda ókyrrð og slysaþættu sérstaklega í aðflugi að flugbrautum 31 og 01 og er bent á að mikilvægi flugbrautar 31 hafi vaxið eftir lokun flugbrautar 06/24 sérstaklega gagnvart sjúkraflugi.

Í samkomulagi sem íslenska ríkið og Reykjavíkurborg gerðu með sér 28. nóvember 2019 kemur fram í ákvæði 2. mgr. 5. gr. að aðilar séu sammála um að tryggja rekstraröryggi Reykjavíkurlflugvallar á meðan á undirbúningi og gerð nýs flugvallar stendur og að miðað

verði við að sá flugvöllur geti áfram þjónað innanlandsflugi með fullnægjandi hætti þar til nýr flugvöllur verður tilbúinn til notkunar. Bæjarráð Akureyrarbæjar krefst þess að aðilar samkomulagsins frá 2019 virði það og sjái til þess að engar frekari skerðingar verði á Reykjavíkurlflugvelli fyrr en nýr og jafngóður kostur verður kominn í gagn.

Reykjavíkurlflugvöllur er lífæð allrar þjóðarinnar og það er mikilvægt að það verði skerpt á því í lögum hvar mörk skipulagsvalds einstakra sveitarfélaga liggja þegar um er að ræða mál sem snerta hagsmuni þjóðarinnar allrar.

The image shows a handwritten signature in blue ink over a circular official seal. The seal features a central emblem of a bird (likely an eagle or falcon) with its wings spread, perched on a branch. The text around the seal reads "BÆJARRÁÐ AKUREYRI" at the top and "AKUREYRI" at the bottom.

Ásthildur Sturludóttir
bæjarstjóri